

Steinunn Kristjánsdóttir

Snædís Sunna Thorlacius

Viðaukar frá Gottskálk Jenssyni, Joe W. Walser III og Söndru Sif Einarsdóttur

## **Grafið í rústir Þingeyraklausturs**

**Áfangaskýrsla 2021**



Reykjavík 2022

# Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar .....	2
Útdráttur .....	4
Abstract .....	4
1. Forsaga rannsókna .....	5
1.1. Ágrip af sögu Þingeyra .....	5
1.2. Fyrri rannsóknir .....	10
2. Stjórnýsla og fjármögnun .....	13
3. Aðrar almennar upplýsingar .....	13
4. Uppmælingarkerfi .....	13
5. Stærð og umfang uppgrftar og aðferð á vettvangi .....	13
6. Lýsing mannvirkja .....	15
7. Gripir .....	16
8. Landslag, gróður og jarðgrunnur .....	23
9. Miðlun .....	23
10. Túlkun og niðurstöður .....	23
11. Áætlað framhald rannsókna .....	24
Heimildaskrá .....	24
12. Skrár .....	26
12.1 Fundaskrá .....	26
12.2 Ljósmyndaskrá .....	30
12.3 Niðurstöður C-14 greiningar .....	33
Viðauki I .....	41
Viðauki II .....	51
Viðauki III .....	53

## Þakkir

Valgerði Valsdóttur og fjölskyldu er þakkað fyrir að leyfa uppgröft á jörð sinni en líka fyrir einstaka gestrisni og velvild. Þá eru þakkir færðar til sóknarnefndar Þingeyrakirkju sem kom því í kring að grafir, sem hafa fundist við uppgröftinn og eru frá 20. öld, væru fluttar í núverandi kirkjugarð rannsókninni að kostnaðarlausu. Stefáni Pálssyni gröfumanni frá Blönduósi er sémuleiðis þakkað fyrir vandaða vinnu og fyrir að miðla af þekkingu sinni um héraðið.

© Reykjavík: höfundar, 2022

Forsíðumynd: Innsigliðshringur Jóns Þorleifssonar (d. 1683) klausturhaldara á Þingeyrum. Rannsóknin var styrkt af sjóðnum, Ritmenning íslenskra miðalda, RÍM, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

# Grunnupplýsingar

## Rannsóknarnúmer

201502-0039

## ÞJMS númer

2021-39

## Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Þingeyrar 144733 169-4. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). *Fornleifaskrá Þingeyra*. Rannsóknarskýrslur 2006/50. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

## Stutt lýsing rannsóknar

Fornleifauppgröf á Þingeyrum í Húnaþingi

## Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

## Staðsetning

Þingeyrar, Sveinstaðahreppi, Húnaþingi



**GPS hnit**

SV: 562370.621, 435204.572

NV: 562381.742, 435208.812

SA: 562367.163, 435213.853

NA: 562378.422, 435218.076

**Rannsóknartími**

3.–27. ágúst 2021

**Leyfishafi**

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir

**Fjöldi starfsmanna**

Níu starfsmenn, fjórir fornleifafræðingar og tveir fornleifafræðinemar. Einn sérfræðingur á sviði miðaldabókmennta, forvörður og mannabeinafræðingur.

## Útdráttur

Fornleifauppgröftur fór fram í þriðja sinn á Þingeyrum í Húnaþingi dagana 3.–27. ágúst árið 2021. Líkt og sumarið 2020 var þessi áfangi verkefnisins styrktur af RÍM-sjóðnum sem hefur það að markmiði að efla rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda. Þá naut verkefnið einnig fjárframlags úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Umfangsmikil bókagerð fór fram í Þingeyraklaustri á rekstartíma þess en talið er að mörg af merkustu íslensku miðaldahandritunum hafi verið gerð þar. Fornleifauppgröfturinn sumarið 2021 sneri þannig meðal annars að því að kanna eðli og umfang ritmenningar í Þingeyraklaustri, samhliða því að fara yfir ritaðar heimildir um staðinn. Þó var sem fyrr einnig markmið að rannsaka hvers konar mannvistarleifar sem gætu varpað ljósi á daglegt líf í Þingeyraklaustri en bókagerðin var vafalaust hluti af því. Sumarið 2021 var lokið við að grafa upp svæði sem opnað var fyrst árið 2018. Innan þess voru mannvistarleifar frá klausturtíma en líka tímum klausturhaldara sem höfðu umsjón með jarðeignum Þingeyraklausturs eftir að því var lokað við siðaskiptin. Meðal mannvirkja sem fundust frá klausturtíma er hluti klausturkirkjunnar. Þá fundust einnig grafir frá 20. öld en þær höfðu verið grafnar í gegnum vegg kirkjunnar og valdið miklu raski um leið. Nýtt svæði var opnað sumarið 2021 eftir umfangsmiklar mælingar nokkru vestan við gamla svæðið og tekið mið af því að nýja svæðið myndi liggja utan við kirkjugarðinn sem var í notkun fram á 20. öld á Þingeyrum. Aðeins náðist að hreinsa efstu lög af þessu nýja svæði fyrir uppgrafterlok 2021 en þar virðast vera leifar eldhúss sem kann að hafa verið í notkun á klausturtíma og áfram eftir að klaustrinu var lokað.

## Abstract

The third season of archaeological excavations took place in Þingeyrar in Húnaþing during the period 3–27 August 2021. Like last summer, this phase of the project was funded by the RÍM Fund, which aims to investigate the literary culture of the Icelandic Middle Ages. The project also received a financial contribution from the University of Iceland Research Fund and The Student Innovation Fund. It is known that extensive manuscript making took place in Þingeyraklaustur during its operation from 1133–1551 and it is even believed that many of the most significant Icelandic medieval manuscripts were made there. The archaeological excavation in the summer of 2021 focused thus, among other things, on examining the nature and scope of literary culture in Þingeyraklaustur. As before, however, the aim of the study was also to investigate any kind of remains and documents that could shed light on the daily life and operation of the monastery. The excavation took place in the same area as in the two previous seasons, in 2018 and 2020. It is heavily disturbed by recent burials, although some ruins from the monastic period were also detected, such as a part of the monastic church wall. A new area was opened west of the old area, after extensive measurements made in the field where the monastic ruins are located, to make sure that the new area would lie outside the old cemetery at Þingeyrar. The new excavation area is promising but it was only possible to clear the top layers of it before the end of the 2021 season.


# 1. Forsaga rannsókna

Skýrsla þessi greinir frá framvindu fornleifauppgrafftar sem fram fór á Þingeyrum í Húnaþingi dagana 3.–27. ágúst 2021. Þetta var þriðja sumarið sem grafið var þar en undirbúningur uppgrafftarins hafði staðið í nokkur ár. Uppgröfturinn nú er liður í stærri rannsókn um ritmenningu í Þingeyraklaustri en auk uppgrafftar er markmiðið að safna og greina hvers kyns heimildir um handritagerð á vegum þess. Rannsóknin er fjármögnuð með styrk úr sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda, RÍM, en markmið hans er að efla rannsóknir á handritagerð héraendis á miðöldum. Að þessu sinni naut rannsóknin einnig styrkja úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Stefnt var, nú sem fyrr, að því að leita leifa í jörðu og í heimildum um þá umsvifamiklu handritagerð, sem vitað er að fram fór í klaustrinu. Um leið var lögð áhersla á að draga fram mynd af byggingum klaustursins og starfinu innan þess, meðal annars í því skyni að kanna hvort þar hafi verið sérstök ritstofa. Við þessa vinnu hafa ritaðar heimildir og fornleifafræðileg gögn verið látin styðja hvort annað. Framlagið úr Nýsköpunarsjóði námsmanna var nýtt til þess að hefja vinnu við endurgerð stafræns bókasafns Þingeyraklausturs en framlög frá RÍM og úr Rannsóknasjóði HÍ voru nýtt til uppgrafftarins, úrvinnslu gagna úr honum, yfirferðar úttekta á byggingum á Þingeyrum fyrir og eftir klausturtíma, og til ritunar tímaritsgreinar. Stjórnendur rannsóknarinnar eru Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Gottskálk Jensson rannsóknardósent við Árnastofnun og gestaprófessor við Háskóla Íslands.

## 1.1. Ágrip af sögu Þingeyra

Ekki er að fullu ljóst hvenær Þingeyraklaustur var stofnað. Talið er að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum um árið 1112 með það að markmiði að þar risi síðan klaustur. Fyrsti ábóti þess tók ekki til starfa fyrr en 1133 og hófst rekstur klaustursins að líkindum fyrst þar með (Gunnar Karlsson 2008, bls. 159–167). Óvíst er hins vegar hvort kirkjan sem reist var samkvæmt heimildum árið 1112 hafi verið klausturkirkjan eða hvort önnur kirkja hafi verið reist nokkru síðar til að þjóna klaustrinu. Forkannanir á staðnum benda þó til þess að jarðsett hafi verið að kristnum sið um og uppúr aldamótunum 1000 í túninu norðan við bæjarstæðið en leifar svo gamallar kirkju hafa ekki fundist enn sem komið er, aðeins grafir. Jarðsett var þar allt fram á 20. öld (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser 2017). Það var svo þegar Ásgeir Einarsson alþingismaður fluttist að Þingeyrum 1861, að hann lét reisa steinkirkjuna sem stendur enn. Hún var vígð 9. september 1877 en fyrst var jarðsett við hana árið 1914 (Guðrún Harðardóttir o.fl. 2006, bls. 270). Á túnakorti frá árinu 1919 má sjá

kirkjugarðinn og eins staðsetningu þeirra húsa sem þar voru þá. Nyrst á kortinu er kirkja Ásgeirs og nýi kirkjugarðurinn (mynd 1).



**Mynd 1.** Túnakort af Þingeyrum frá 1919 (Þjóðskjalasafn Íslands).

Á ljósmynd frá 1898 má einnig sjá bæjarhús sem þá stóðu á Þingeyrum og einnig kirkjugarðinn með fjölda minningarmarka (mynd 2). Margt fólk var þá samankomið á staðnum en tilefnið var hátíð Húnvetninga, haldin á Þjóðminningardaginn 9. júlí þetta ár (*Ísafold* 1989, bls. 1).



**Mynd 2.** Ljósmynd sem tekin var á hátíð Húnvetninga sem haldin var 9. júlí 1898. Ljósmyndarinn hefur staðið á kirkjuflötinni neðan sunnan við nýju kirkjuna. Sjá má gamla kirkjugarðinn og bæjarhúsatorfuna í bakgrunni (01309 Ljósmyndasafnið Blönduósi).

Klaustrinu á Þingeyrum var endanlega lokað í kjölfar siðaskiptanna árið 1551 (Steinunn Kristjánsdóttir 2021, bls. 92, 94). Líkt og rakið var í áfangskýrslu uppgraftarins árið 2020, kemur lítið fram í rituðum heimildum um útlit og gerð húsa þess á meðan það var í rekstri (sjá Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir 2020, bls. 5–6). Í Sigurðarregisteri frá árinu 1525 segir þó að í kirkjunni hafi verið fjögur útölturu auk eins háaltaris (DI IX, bls. 312–313). Það bendir til þess að hún hafi verið nokkuð umfangsmikil. Eins kann kapítulainnsigli klaustursins að gefa vísbendingu um ytra útlit kirkjunnar en innsiglið sýnir gafl kirkju í rómönskum stíl með turna hvoru megin við innganginn (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 100). Í öðrum heimildum er aðeins getið um skála í Þingeyraklaustri 1489 (DI VI, 658–659), conventu (Lárentíus saga 1998, bls. 332) og stöpul 1363 (DI III, bls. 184–186). Í heimildinni um stöpulinn er óskað eftir legstæði í gólfi hans og bendir orðalagið til þess að stöplarnir kunni að hafa verið tveir. Í próventusamningum eru einnig nefnd sérstök próventuhús 1443, 1464 og 1527 (DI IV, bls. 635–636; DI V, bls. 417; DI IX, bls. 426). Ekki er ljóst hvort þau voru samtengd klausturhúsunum sjálfum eða hvort þau stóðu stök. Þá hljóta skepnuhús að hafa verið á staðnum, auk annarra útihúsa. Alfær smiðja er þar árið 1525 (DI IX, bls. 316) en ekki er þess getið í hvernig byggingu hún var. Hún kann að hafa staðið í smiðju eða skemmu. Ólíklegt verður einnig að teljast að hús og kirkja Þingeyraklausturs hafi staðið óbreytt allt til lokun þess árið 1551 en rekstur klaustursins hafði þá staðið yfir í meira en fjórar aldir. Heimildir geta þess t.a.m. að Guðmundur ábóti (1309–1338) hafi árið 1314 látið bæta framkirkju við klausturkirkjuna og var hún vígð sérstaklega af því tilefni (Jón Espólín 1821, bls. 36; Lögmannsannáll 1888, bls. 272).

Eftir siðaskiptin í Hólabiskupsumdæmi árið 1550 varð Þingeyraklaustur, rétt eins og aðrar klausturjarðir, að eign Danakonungs. Rekstri klaustranna var þar með hætt fyrir fullt og allt, en Þingeyrarklaustri virðist hafa verið lokað 1551. Fluttu umboðsmenn konungs sem sáu um jarðagóss klaustranna í sumum tilfellum á klausturstaðina sjálfa og bjuggu í þeim húsum sem þar voru fyrir, annað hvort bæjarhús eða klausturhús. Sá fyrsti til að taka við Þingeyraklausturseignum var sr. Sveinn Finnbogason en hann var formlega skipaður af konungi árið 1545 (sjá DI XI, bls. 378). Óvíst er hvort hann tók nokkurn tíma við embættinu í raun vegna þess að heimildir sýna að klaustrið var enn starfandi þá undir stjórn ábóta, Helga Höskuldssonar, og var það svo til ársins 1551 (DI XI, bls. 753–754; Steinunn Kristjánsdóttir 2021, bls. 90). Ástæður skipunar Sveins má vafalaust rekja til þess að ný kirkjuskipan, sú lúterska, var tekin upp í Skálholtsumdæmi árið 1541 og höfðu tímamótin þar einnig áhrif á klaustrin í Hólabiskupsumdæmi enda þótt siðaskiptin hafi ekki orðið þar fyrir en áratug síðar. Svo dæmi sé tekið þá var farið að senda gripi úr klaustrunum fyrir norðan til Danmerkur þegar



árið 1545, enda þótt lokun þeirra væri ekki endilega á döfinni þá. Það var þannig að biskupar beggja biskupsumdæma höfðu lofað að aðstoða Danakonung við að greiða niður skuldir sínar eftir Greifastríðið (1534–1536) en það var háð ytra vegna siðaskiptanna. Skálholtsbiskup, Gissur Einarsson, sendi konungi verðmæti úr sínu umdæmi syðra strax árið 1541 (DI X, bls. 644–645). Kristján III Danakonungur kvittaði síðan, hinn 13. mars 1545, fyrir móttöku silfurs sem Jón Arason biskup hafði sent honum úr kirkjum og klaustrum úr Hólabiskupsdæmi af þessu sama tilefni (DI XI, bls. 378–379). Ekki er tilgreint nákvæmlega hvaða gripir þetta voru eða hvaðan, en gera má ráð fyrir að einhverjir þeirra hafi verið úr Þingeyraklaustri. Það var þennan sama dag, 13. mars 1545, sem konungur veitti sr. Sveini Finnbogasyni umboð til að fara með eignir Þingeyraklausturs. Það var þó ekki fyrr en í 10. febrúar 1550 sem ábóti Þingeyraklausturs, Helgi Höskuldsson, óskaði formlega eftir því að vera leystur frá störfum sökum elli og krankleika. Þetta segist hann gera með samþykki konventubræðra sinna en að fororði Jóns biskups sem hafi lofað að setja Björn son sinn í embættið í stað hans (DI XI, bls. 753–754). Greinilegt er að þar voru enn starfandi munkar sem tóku þátt í gjörningum klausturs síns eins og lög gerðu ráð fyrir. En biskupssonurinn Björn Jónsson var ábóti Þingeyraklausturs aðeins í skamman tíma en hann var – sem þekkt er – hálshöggvinn um haustið. Tók Helgi þá aftur við stjórnartaumunum en aðeins fram á vor 1551. Segja má að klausturhald hafi endanlega liðið undir lok á Þingeyrum þegar klaustrin í Hólabiskupsumdæmi voru tæmd af gripum árið 1551. Danakonungur staðfestir alltént hinn 17. október 1551 að hann hafi tekið við ýmsum gripum og silfri úr klaustrunum að Þingeyrum, Munkaþverá og Möðruvöllum en einnig frá biskupsstólnum sjálfum að Hólum (Kancelliets brevbøger vedrørende Danmarks indre forhold 1551–1555, 1885–1886, bls. 83–84). Talið er í stórum dráttum upp hvaða gripir voru sendir utan en ekki hvað var frá hverjum stað, þannig að óljóst er hvað fór frá Þingeyrum. Danakonungur gekk um þessar mundir eftir því að skipaðir væru umboðsmenn hans yfir klausturgóssunum á Íslandi og var Páll Hvítfelt hirðstjóri fenginn til að ganga í málið þegar árið 1552 (DI XII, bls. 359–363). Veitingabréf konungs voru flest dagsett 12. mars 1554 og fékk Hákon Gíslason þá Þingeyraklaustursumboð (DI XII, bls. 680–681; Steinunn Kristjánsdóttir 2021, bls. 93).

Ekki er vitað hversu miklar breytingar klausturhaldarar konungs gerðu á klausturhúsunum á Þingeyrum þegar settust þar að við siðaskiptin, ekki síst vegna þess hversu lítið er vitað um útlit þeirra á meðan klaustrið var í rekstri. Til eru úttektir á húsum staðarins árin 1684, 1704, 1737, 1776, 1778, 1782 og 1783, auk úttekta á eignum og gripum árin 1525 og 1552. Þessar úttektir allar voru gerðar vegna einhverra umskipta, t.d. við biskupaskipti á Hólum 1524, lokun klaustursins 1551 eða þegar nýir umboðsmenn tóku við klausturgóssinu

einn á eftir öðrum. Klausturkirkjan á Þingeyrum virðist hafa verið í notkun allt til ársins 1619 þegar Páll Guðbrandsson sem þá sat á jörðinni lét byggja nýja kirkju. Það var líklega vegna þess að árið 1560 hafði konungur krafist þess að eftirstandandi klausturkirkjur skyldu rifnar þar sem þær væru of stórar og dýrar í rekstri (Vestfjarðarannáll elzti, bls. 56; Vestfjarðarannáll yngri, bls. 101; DI XIII, bls. 480–481). Klausturhúsin kunna hins vegar að hafa staðið svo til óbreytt allt fram að aldamótunum 1700 er hús á Þingeyrum voru endurbyggð af Lauritz Gottrup sem fékk klausturumboðið 1685.

Ári áður en Gottrup flutti að Þingeyrum, lét hann taka staðinn út. Úttektin frá 1684, sem hér er birt í Viðauka I samkvæmt uppskrift frá Gottskálk Jenssyni, sýnir að þá voru þar 46 hús af ýmsum gerðum, þ.m.t. íveruhús, búr, smiðjur og peningshús. Einnig voru taldir upp innanstokksmunir, búsgögn, klæði, matur og húsdýr. Ekkert í upptalningunni bendir til klausturhalds lengur, enda nærri hálf önnur öld liðin frá lokun þess, en vel má vera að sum rýmanna hafi verið endurnýtt undir breyttum formerkjum og nýjum heitum. Kirkjan hafði þó, líkt og fyrr getur, verið endurbyggð 1619 eða að minnsta kosti minnkuð. Þessi kirkja stóð væntanlega enn árið 1684. Hún var þá 14,5 metrar á lengd (kór meðtalinn) og rúmir 7,75 metrar á breidd. Vel má vera að Páll klausturhaldari hafi aðeins látið fjarlægja framkirkjuna sem bætt var við hana 1314 en jarðsjármælingar sýna allt að 23 metra langa rúst, 9 metra á breidd, syst í kirkjugarðinum. Með uppgreftinum hefur verið staðfest að þarna stóð klausturkirkjan (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12; Steinunn Kristjánsdóttir 2018, bls. 10). Líkt og síðar verður vikið að hefur nú komið í ljós að kirkjan Páls stóð á sama grunni og klausturkirkjan en þar fundust grafir tveggja klausturhaldara.

Í úttektinni frá 1684 er einnig talið upp kirkjuport sem kann að vera stöpullinn sem nefndur var í bréfinu frá 1363. Sérstaklega áberandi er að árið 1684 eru engin líkneski lengur í kirkjunni – þau voru 18 þar árið 1525 – né heldur aðrir gripir sem minna á kaþólskan átrúnað. Þá er kominn predikunarstóll í hana (DI IX, bls. 312–313 og Viðhengi I). Um 1700 lét Gottrup rífa kirkju Páls og byggja nýja útbrotakirkju úr timbri. Um leið lét hann endurbyggja önnur hús á staðnum og fækkaði þeim umtalsvert við það. Kirkja Gottrups var rúmum 16 metrar að lengd, breiddin 9,5 metrar og hæðin tæpir 8 metrar. Allt úr timbri. Á henni voru útbrot (þ.e. hliðarstúkur) til beggja hliða og steinlagður gangur fyrir miðju. Barnabarn Gottrups sem dvaldi á Þingeyrum í æsku sagði bæjarhúsin afa síns hafa verið byggð í anda danskra herragarða (Ólafur Gíslason 1916, bls. 59, 62–63). Snemma á 19. öld fékk Björn Olsen Þingeyraklaustursumboð og lét hann gera upp húsakost staðarins að miklum hluta. Björn lét einnig rífa niður kirkju Gottrups og byggja í hennar stað torfkirkju um árið 1817. Björn keypti Þingeyrar árið 1811 og hefur staðurinn verið í einkaeigu síðan þá. Hluti þeirra bæjarhúsa sem

hann byggði stóðu allt til ársins 1924 er þau brunnu. Geymsla og hjallur sem þá hafði verið bætt við þau sluppu við eldinn og standa enn, þó í nokkuð breyttri mynd (Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bl. 62–66; Guðrún Harðardóttir o.fl. 2006, bls. 268–269).

## 1.2. Fyrri rannsóknir

Leit að klausturrústunum á Þingeyrum hófust með fjarkönnunum árið 2014 í tengslum við rannsókina Kortlagning klaustra á Íslandi (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 2–3; Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014, bls. 6–8). Áður höfðu fornleifar innan jarðarinnar verið skráðar (Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006) og viðnámsmælingar gerðar á minjum sem tengjast hugsanlegu þinghaldi til forna á staðnum (Coolen, Joris og Mehler 2015). Sjá má lista yfir rannsóknir síðari ára á Þingeyrum í töflu 1 en þær verða raktar frekar hér fyrir neðan.


Ár	Verk	Unnið af	Birting
2006	Skráning fornleifa	Byggðasafn Skagfirðinga	Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006)
2012	Viðnámsmælingar	Fornleifastofnun Ísl. og Háskólinn í Vín	Coolen, Joris og Mehler, Natascha (2015)
2014	Radarmælingar og aðrar fjarkannanir	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2014); Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014)
2015	Könnunarskurðir	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015)
2016	Könnunarskurðir	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016)
2017	Könnunarskurðir	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser (2017)
2018	Uppgröftur	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Steinunn Kristjánsdóttir (2018)
2019	Radarmælingar	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Ómar Valur Jónasson (2019)
2020	Uppgröftur	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2020)
2021	Uppgröftur/ radarmælingar	Þingeyraverkefnið og Háskóli Íslands	

**Tafla 1.** Listi yfir rannsóknir síðustu ára á Þingeyrum.

Árið 2015 var fyrsti könnunarskurðurinn grafinn á Þingeyrum, 2x2 m á stærð, í rúst sem sást á viðnámsmælum í túninu skammt norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum (mynd 3). Þetta voru mælingar unnar af Fornleifastofnun Íslands og fornleifadeild Háskólans í Vín árið 2012 vegna rannsókna á fornum þingstöðum hérlendis (tafla 1). Rústin er aflöng og snýr í austur/vestur en á eystri gafl hennar má greina hálfhringlaga viðbyggingu. Heildarlengd hennar er 23 metrar og

breiddin er 9 metrar. Rúst þessi var því túlkuð sem kirkja með kór (Coolen, Joris og Mehler, Natascha 2015, bls. 19–22; Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12). Hvorki kirkja Páls né Gottrups voru svo stórar en líkt og áður gat reistu þeir báðir nýjar kirkjur á staðnum, Páll árið 1916 en Gottrup um 1700. Í könnunarskurðinum var komið niður á vegg þessarar rústar (mynd 3). Var hann eingöngu gerður úr torfi. Í torfinu var hvít gjóska úr Heklugosi árið 1104 áberandi og benti jarðlagasamhengi til þess að byggingin væri frá klausturtíma á Þingeyrum. Með tilliti til þessa aldurs og umfangs rústarinnar var einnig hægt að útiloka að hún væri af annarri kirkju en klausturkirkjunni (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12). Árið 2016 voru fjórir nýir könnunarskurðir grafnir í túninu norðan við bæjarstæðið (mynd 3, tafla 1). Einn þeirra var grafinn í garðlag sem virtist vera kirkjugarðsveggur nyrst á rústasvæðinu sem hafði sést við jarðsjármælingarnar. Kom þar í ljós veggur sem reyndist vera frá sama tíma og klausturkirkjan. Tveir skurðir voru síðan grafnir á miðju túninu, rétt vestan við minningarmörk sem safnað var úr túninu við sléttun þess um 1925. Þar komu í ljós grafir frá klausturtíma og yngri torfveggur. Fjórði skurðurinn var grafinn rétt norðan við gamla bæinn en í honum fundust mannvistarleifar frá klausturtíma en einnig eldri minjar (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016). Tveir könnunarskurðir til viðbótar voru teknir árið 2017 í því skyni að staðsetja eystri og vestari mörk klaustursvæðisins (mynd 3, tafla 1). Leifar rústa úr klausturhúsunum, sennilega eldhús, og móöskuhaugur komu í ljós í vestari skurðinum. Í eystri skurðinum fundust leifar smiðju en líka grafir frá 11. öld (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser 2017).

Í júní 2018 fór síðan í fyrsta sinn fram fornleifauppgröftur á Þingeyrum. Þá var opnað 12x7 m svæði þar sem forkannanir höfðu bent til að kór klausturkirkjunnar væri (mynd 3, tafla 1). Svæðinu var skipt upp í A (suðurendi) og B (norðurendi) hluta og grafið á þeim báðum. Allt svæðið er mikið raskað vegna grafa frá 20. öld en rústir og gripir frá ýmsum tímum fundust samt inn á milli þeirra (Steinunn Kristjánsdóttir 2018). Sumarið 2019 var ekkert grafið á Þingeyrum en þess í stað fóru þar fram áframhaldandi mælingar með radarjarðsjá. Mælingarnar voru gerðar á uppgraftarsvæðinu sjálfu og á afmörkuðum svæðum norðan og vestan við það (Ómar Valur Jónasson 2019). Í ágúst 2020 var uppgrefti síðan haldið áfram innan svæðisins sem opnað var sumarið 2018. Hluta þess var þó lokað vegna rasks og mældist það þá 10x7 m metrar á stærð (mynd 3). Um leið var svæðið auðkennt upp á nýtt með bókstafnum C (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir 2020).



**Mynd 3.** Kort sem sýnir niðurstöður jarðsjármælinga á Þingeyrum 2012 og 2014. Þar má einnig sjá staðsetningu könnunarskurða 2015, 2016 og 2017 og uppgriftarsvæði 2018 og 2019 og 2020.

Líkt og síðar verður vikið að var fyrst lokið við uppgröft á þessu svæði sumarið 2021, ný uppgriftarsvæði opnuð, fleiri könnunarskurðir grafnir og ný svæði mæld með radarjarðsjánni (sjá nánar mynd 5 og kafla 5 í þessari skýrslu).

## 2. Stjórnýsla og fjármögnun

Rannsóknin var fjármögnuð með styrk frá verkefninu RÍM, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tilskilin leyfi landeiganda og frá Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

## 3. Aðrar almennar upplýsingar

Fornleifauppgröftur á Þingeyrum sumarið 2021 fór fram dagana 3.–27. ágúst. Steinunn Kristjánsdóttir (SK) stjórnaði rannsókninni en aðrir starfsmenn á vettvangi voru fornleifafræðingarnir Ómar Valur Jónasson (ÓVJ) og Sigrún Hannesdóttir (SH) og fornleifafræðinemarnir Almar Smári Óskarsson (ASÓ) og Klara Ósk Gunnarsdóttir (KÓG). Eftir vettvangsrannsókn sá Snædís Sunna Thorlacíus (SST) um frágang, ljósmyndun og skráningu gripa í Sarp en Ómar sá um vinnslu teikninga í QGIS. Sandra Sif Einarsdóttir forvarði gripum og Joe W. Walser III greindi mannabein. Þau eru bæði starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Gottskálf Jenson (GJ) vann að rannsóknum á handritum úr Þingeyraklaustri og á rituðum heimildum þaðan.

## 4. Uppmælingarkerfi


Öll teiknilög og einingar innan þeirra (t.d. jarðlög, steinar og byggingarhlutar) voru mæld upp með alstöð. Staðsetning gripa var jafnframt mæld upp með henni. Mælingunum var hlaðið inn í stafrænan gagnagrunn í lok hvers dags. Tekningar voru sem fyrr segir unnar í QGIS.

## 5. Stærð og umfang uppgrftar og aðferð á vettvangi

Uppgröfturinn árið 2021 fór til að byrja með fram á sama svæði og árin 2018 og 2020 (svæði C) en auk þess var grafið í nýtt svæði, 10x10 metrar á stærð (E). Svæði C var stytt um 5 metra að norðanverðu vegna grafa sem þar eru frá 20. öld (sjá mynd 4). Grafirnar hafa raskað jarðlögum umtalsvert en inn á milli þeirra mátti greina leifar rústa frá klausturtíma, ásamt gripum. Grunnflötur svæðis C var því 7x5 metrar. Tveir könnunarskurðir voru einnig grafnir í túnið norðan við uppgraftarsvæðið (mynd 5). Breytt var um uppgraftaraðferð sumarið 2021 og grafið með einingaaðferð (e. *single-context*) í stað fjöleiningaaðferð (e. *multi-context*) eins og gert hafði verið árin tvö á undan. Vélgrafa var notuð til að opna ný svæði og taka könnunarskurði. Ný svæði voru einnig mæld með radarjarðsjá áður en byrjað var að grafa innan þeirra.



Mynd 4. Grafir á uppgriftarsvæði C (teikning: ÓVJ).



Mynd 5. Uppgriftarsvæði og könnunarskurðir 2021 (teikning: ÓVJ).

Töluverð vinna var lögð í það sumarið 2021 að finna mörk kirkjugarðsins í túninu norðan við bæjarstæðið, svo hægt yrði að opna nýtt uppgraftarsvæði utan við hann. Að þessu sinni var þetta gert með radarjarðsjánni en einnig alstöðinni. Stuðst var við eldri jarðsjármælingar á staðnum, túnakortið frá 1919 (mynd 1) og ljósmyndina sem tekin var á hátíðinni 1898 (mynd 2). Voru öll þessi gögn sett upp í alstöðinni og gengið með hana eftir kirkjugarðsveggnum á sléttuðu túninum. Var þá fyrst hægt að greina mörk kirkjugarðsins með nokkurri vissu. Fyrst var þó nýtt svæði, D, opnað með vélgröfu rétt austan við svæði C en ætlunin var að það tæki við af því (mynd 5). Var yfirborð þess hreinsað með múrskaiðum og skóflum. Við hreinsunina fannst töluvert magn af stökum mannabeinum sem benti til þess að þar væru raskaðar grafir. Var svæðið síðan mælt með radarjarðsjánni sem sýndi merki um fjölda grafa undir yfirborðinu. Í framhaldinu var tekin ákvörðun um að halda ekki uppgrefti áfram þar og opna annað svæði, E, vestan og rétt við kirkjugarðsvegginn, þó þannig að þetta vestasta horn hans næði inn á uppgraftarsvæðið. Þar hafði verið tekinn könnunarskurður sumarið 2017 og bentu jarðlög í honum til þess að þarna hafi verið eldhús eða eldunaraðstaða. Aldursgreining sýndi að leifarnar þar voru frá klausturtíma (Hermann Jakob Hjartarson et al, bls. 4–6).

Þegar sótt var um uppgrafterleyfi árið 2021 var einnig óskað eftir því að kanna túnið norðan við kirkjugarðinn með könnunarskurðum en drónamyndir, sem teknar voru sumarið 2020, sýndu misfellur í því. Litu misfellurnar út eins og garðlög og rústir. Ætlunin var að mæla það jafnframt með radarnum en byrjað var á því að taka tvo könnunarskurði á þeim stöðum þar sem misfellurnar voru greinilegastar (mynd 5). Engin mannsvist kom síðan í ljós í skurðunum. Voru því engar radarmælingar gerðar þar enda greinilegt að um náttúrulegar misfellur er að ræða en ekki mannvistarleifar.

## 6. Lýsing mannvirkja

Sumarið 2021 var haldið áfram að grafa upp vegginn sem fannst fyrst sumarið 2018 og grafið var í sumarið 2020. Er hann talinn vera hluti af syðri langvegg klausturkirkjunnar. Þrjár grjótfylltar stoðarholur fundust norðan við hann. Nýleg ómerkt barnskista (gröf 6) fannst í veggnum við hlið grafar Helgu Aradóttur (gröf 1) sem var grafin upp 2018 (mynd 4). Var barnskistan flutt í nýja kirkjugarðinn, ásamt kistu Helgu sem ekki náðist að endurjarðsetja sama ár og hún fannst. Fengu þær grafreit saman í nýja kirkjugarðinum. Fleiri grafir fundust, nr. 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 14 (sjá nánar mynd 4). Þrjár þeirra, nr. 10, 11 og 12, eru frá 20. öld og voru þær því ekki grafnar upp. Aldur þeirra var ákvarðaður út frá gerð kistnanna í þeim en á loki þeirra var samskonar skraut og greina mátti á öðrum kistum sem nú hafa verið fluttar í



nýja kirkjugarði (nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 6). Grafir nr. 13 og 14 eru líklega báðar frá seinni tímum en samkvæmt niðurstöðum kolefnisgreininga á sýni nr. 2021-39-86 úr gröf 14 er hún frá tímabilinu ca. 1750 til 1850, jafnvel síðar. Gröf 7 var mikið röskuð og fá bein reyndust hafa varðveist í henni (sjá Viðauka II). Eitt sýni var þó sent úr henni til kolefnisaldursgreininga, nr. 2021-39-84, og reyndist hún vera frá klausturtíma (sjá nánar kafla 12.3).


Kistan sem fannst í gröf 9 var merkt Oddi Stefánssyni klausturhaldara (1783–1803) en hann lést árið 1804. Var hún ekki grafin upp, enda þjónaði það ekki tilgangi rannsókna, en þó voru sýni tekin til fornDNA greininga. Hins vegar var gröf 8 grafin upp en þar hafði Jón Þorleifsson, klausturhaldari 1678–1683, verið jarðsettur (sjá Viðauka II og III). Ekki var vitað frá hvaða tíma gröfin var fyrr en hún hafði verið tæmd. Fyrst um sinn leit út fyrir að gröfin væri frá klausturtíma en svo reyndist ekki vera. Jón var jarðaður með innsiglihring sinn (sjá forsíðumynd og mynd 13) og húfu á höfði (mynd 14). Veitir húfan mikilvægar upplýsingar um tísku yfirstéttarfolks á Íslandi á þessum tíma. Hún er úr flaueli (þ.e. silki) en hún er skreytt með blúndum sem eru kniplaðar úr silfurþræði. Jón var klausturhaldari í aðeins örfá ár á Þingeyrum en hann lést 26 ára gamall árið 1683. Staðsetning þessara tveggja grafa í gólfi kirkjurústarinnar staðfestir að kirkja Páls var reist á grunni klausturkirkjunnar að hluta.

## 7. Gripir

Alls voru skráð 76 gripanúmer árið 2021 en þau eru mikið færri en árin á undan. Staðsetning annarra gripa en þeirra sem fundust við hreinsun var mæld með alstöð og því hægt að framkvæma rýmisgreiningu með þeim (myndir 6 og 16). Af öllum gripaflokkum voru naglar algengastir en alls voru 15 naglar skráðir. Næstalgengasti gripaflokkurinn voru textílar en þeir voru tíu talsins. Þriðji algengasti efnisflokkurinn var kopargripir en þeir voru sjö í heildina. Gripaflóran var nokkuð ólík á milli svæða enda uppgröftur mislangt kominn.

### Svæði C

Á svæði C fannst 51 gripur (mynd 6). Algengasti efnisflokkurinn var textílar en tíu þannig gripanúmer voru skráð og sá næstalgengasti var járn en níu gripir voru skráðir í þeim flokki, allt naglar. Þá voru skráð þrjú leirkersbrot, þrjú dýrabein og þrjú handföng. Handföngin eru úr járn og textíl, annars vegar af líkkistu (2021-39-29, mynd 12) og hins vegar af börum undan líkkistu (2021-39-45). Það þriðja er brot úr handfangi af litlu leiriláti (2021-39-55, mynd 10) (sjá nánar myndir 7 og 8).




# Þingeyrar

2021 - 39  
Svæði C




## Gripir 2021

- bein
- ▲ gler
- járn
- kopar
- ▲ textill
- kvarts
- ◆ leir
- víður
- ◆ flöguberg
- ▲ holufylling
- ★ jarðveggsýni
- ★ gjóskusýni
- ★ móðskusýni
- ★ sýni, aska/sót
- sýni, bein




1:40


Mynd 6. Dreifing gripa á svæði C (teikning: ÓVJ).



Mynd 7: Skífurit sem sýnir hlutfall efnisflokka gripa á svæði C.



Mynd 8: Súlurit sem sýnir efnisflokka á svæði C.



**Mynd 9:** Hálf rafperla (2021-39-1).



**Mynd 10:** Handfang [2021-39-55] af leiriláti.

Áhugaverðir gripir sem fundust á svæði C voru til dæmis rafperla (2021-39-1, mynd 9) sem var lausafundur, koparpinni (2021-39-2) með óþekkt hlutverk, leðurbútur (2021-39-3) sem er mögulega bókarkjölur, korktappi (2021-39-11), brot úr stilk af krítarpípu (2021-39-46), brot úr handfangi af leiriláti (2021-39-55, mynd 10) og brýni (2021-39-64).

### Grafir á svæði C



**Mynd 11:** Fjöl (2021-39-19) úr líkkistu Jóns Þorleifssonar með koparskildi á.



**Mynd 12:** Handföng (2021-39-29) af líkkistu Jóns Þorleifssonar.

Grafnar voru upp að hluta til eða öllu leyti grafir nr. 3, 6, 7, 8, 9 og 14 á svæði C (sjá mynd 4). Tólf gripanúmer eru úr gröf 8 en það er gröf Jóns Þorleifssonar (d. 1683). Sjö af gripunum eru hlutar af líkkistunni. Nokkrar viðarfjalir úr kistunni eru undir númerum 2021-39-19 (mynd 11) og 2021-39-20. Fjalirnar eru með koparskreyti, textíl og járnhandföngum. Fjögur járnhandföng (2021-39-29) fundust laus (mynd 12) og nokkrir bútar af textíl undir númerum 2021-39-30 og 2021-39-50. Kistan var klædd með textíl og var heillegustu bútonum safnað undir númerinu

2021-29-51, auk nokkurra viðarnagla sem fengu númerið 2021-39-91). Í gröfinni fannst jafnframt textílbútur (2021-39-39) og leðurbútar (2021-39-44) sem mögulega tilheyrðu klæðnaði Jóns. Þá fannst einnig í gröfinni mynstruð bókarkápa úr leðri (2021-39-17), signetshringur úr gulli með útskornum rauðum steini (2021-39-18) (mynd 13) og brún flaelshúfa með knipluðum blúndum úr silfurþráðum sem liggja þvert yfir hana og meðfram barmi hennar (2021-39-16) (mynd 14).



**Mynd 13:** Signetshringur (2021-39-18) úr gröf Jóns Þorleifssonar.



2021-39-16  
12.10.2021

**Mynd 14:** Flaelshúfa með silfurkníplingum (2021-39-16) sem Jón Þorleifsson bar í gröfinni.



**Mynd 15:** Minningartafla Björn Frøysák frá 1699. Óþekktur höfundur. Mynd sótt af [https://en.wikipedia.org/wiki/Björn\\_Frøysák](https://en.wikipedia.org/wiki/Björn_Frøysák)


Á minningartöflu um norska bóndann og kaupmanninn Bjørn Frøysåk frá árinu 1699 sést hann og synir hans bera samskonar húfu (mynd 15) (Norsk Biografisk Leksikon, 2009). Eins má sjá bónda með svipaða húfu á höfði á teikningu úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1752–1757 (sjá mynd aftast í Viðauka III). Signetshringurinn (mynd 13) er með rauðum steini sem er með spegluðu ígreypu innsigli. Gullið myndar átthyrndan ramma utan um steininn sem er felldur inn í hringinn. Í miðju innsiglinu er skjöldur með einhyrningi á og utan um hann krúsaðir skrautborðar. Fyrir ofan skjöldinn er burtreiðarhjálmur með öðrum einhyrningi fyrir miðju. Vinstra megin við burtreiðarhjálminn er bókstafurinn T og hægra megin bókstafurinn I. Það stendur líklega fyrir nafn Jóns Þorleifssonar sem var klausturhaldari á Þingeyrum frá 1678 til dánardags árið 1683 (Safn til sögu Íslands 1856, bls. 136.). Gerð var mæling á hringnum með ThermoFisher XL5 pXRF tæki sem gaf hlutfall gulls 70–75% (17–18 karöt). Auk þess voru í honum 11,8% titán sem hefur verið notað til þess að herða gullið, einnig 4,6% kopar og aðrir málmar í lægra hlutfalli. Mæling á innsiglinu útilokar ekki að steinninn sé karneól þar sem í honum er hátt hlutfall kísils. Tveir gripir fundust í gröf 7, annars vegar onyx steinn (2021-39-31) sem er mögulega skrautsteinn og hins vegar lítið leirkersbrot úr brúnum leir (2021-39-49). Einnig fundust tveir gripir í gröf 3, annars vegar textílhandföng (2021-39-45) af börum undan kistunni og hins vegar hár eða ull (2021-39-47) sem fannst yfir börunum. Aðeins einn gripur fannst í gröf Odds Sigurðssonar (d. 1804) eða gröf 9. Sá gripur (2021-39-90) er úr óþekktum efnivið og með óþekkt hlutverk.

### **Svæði D**

Á svæði D voru aðeins skráðir fimm gripir sem allir fundust við hreinsun. Tveir unnir steinar (2021-39-13) með óþekkt hlutverk, tvö hvítleirsbrot (2021-39-14), annað þeirra með merkingu (sjá mynd 13), þrjú járngríp (2021-39-15), tveir þeirra eru naglar og einn líklega hnífur og loks samansafn af dýrabeinum (2021-39-23) og mannabeinum (2021-39-24). Meðal mannabeinanna voru þrjú axis hryggjarliðir sem sýna fram á að um er að ræða allavega þrjú einstaklinga.

### **Svæði E**

Á svæði E voru skráðir 20 gripir (mynd 16). Algengasti gripaflokkurinn á svæðinu voru naglar og sá næstalgengasti kopargripur. Aðrir gripaflokkar voru mikið sjaldgæfari (mynd 17).



## Þingeyrar


2021 - 39

Svæði E



### Gripir 2021


- ▲ gler
- járn
- kopar
- leður og kopar




1:70

Mynd 16: Dreifing gripa á svæði E.

Þetta hlutfall endurspeglast í efniviðnum því að 35% gripanna voru úr járni og 25% þeirra úr kopar. Næst á eftir voru leir og gler í 10%. Aðrir efnisflokkar innihéldu einungis einn grip eða 5% (mynd 18).



Mynd 17: Súlurit sem sýnir gripaflóru á svæði E.



Mynd 18: Skífurit sem sýnir hlutfall efniviðar gripa á svæði E.

Áhugaverðir gripir sem fundust á svæðinu voru til dæmis brýni (2021-39-56), samansafn leirkerjabrota (2021-39-58 og 2021-39-59) en í því seinna var einnig brot úr krítarpípu með ígreyptri franskri lilju (*fleur-de-lis*), samansafn glerbrota (2021-39-62) sem innihélt meðal annars tvo flöskustúta, skel (2021-39-63), skósóli úr leðri með koparnöglum (2021-39-74) (mynd 19) og steint gler (2021-39-70) (mynd 20).



**Mynd 19:** Skósóli [2021-39-74] úr leðri og kopar.



**Mynd 20:**Steint glerbrot [2021-39-70].

Steinda glerið (2021-39-70) er lítið dökkt glerbrot með mikið af rispum á yfirborðinu. Brotið var efnagreint með ThermoFisher XL5 pXRF tæki sem gaf hlutfall kísils 43,4% sem styður að um sé að ræða gler. Aðrir málmar fundust í minna hlutfalli, m.a. ál 6%, magnesíum 1,8%, fosfór 1,5%, mangan 1,3% og járn 0,9%. Brotið hefur mögulega verið hluti af mósaík eins og algengt er í kirkjugluggum.

## Sýni

